

um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að styrkja Flateyjarhrepp til atvinnuaukningar í Flatey með eftirfarandi aðgerðum:

1. að koma hraðfrystihúsinu í Flatey nú þegar í rekstrarhæft ásigkomulag og afhenda það síðan hreppnum kvaðalaust með öllum áhöldum og öðru því, er húsinu tilheyrir;
2. að greiða nú þegar til fólksins í Flateyjarhreppi öll ógreidd vinnulaun þess vegna fyrrverandi rekstrar frystihússins og útgerðar Sigurfara, enda verði þessar upphæðir látnar fyrst og fremst ganga til þess að mæta áföllnum og ógreiddum hreppsgjöldum þessara aðila.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hafa íbúar í Flateyjarhreppi barizt harðri baráttu til þess að koma þar á fót auknum og öruggum atvinnurekstri til þess að tryggja það, að fólkið þyrfti ekki að flytja þaðan í burtu, heldur mætti framvegis una þar við sæmileg lífskjör, svo sem verið hefur um aldir. Er vitað, að í þessum byggðum eru margvíslegir möguleikar til góðrar lífsafkomu fyrir fólkið, ef aðeins skilyrði eru sköpuð því, til að hagnýta þá svo sem tækni nútímans getur best aðstoðað.

Fyrir margvísleg óhöpp, m. a. fyrir margra ára sildarleysi, hafa atvinnufyrirtæki þau, sem komið hefur verið þar upp, fengið slík áföll, að þau hafa komizt í greiðsluþrot og orðið að gefast upp. Af þessum ástæðum voru þeir tveir bátar, sem aðallega áttu að vera undirstaðan undir atvinnurekstrinum, seldir burt úr hreppnum sumarið 1953. En hraðfrystihúsið stöðvaði nokkru síðar rekstur sinn af sömu ástæðum. Áður en svo var komið, hafði fólkið lagt fram fé, sem nam hundruðum þúsunda og nú er glatað því að fullu, auk þess sem það á enn tugþúsundir af ógreiddum vinnulaunum hjá fyrirtækjunum, sem vitað er nú að þau geta ekki staðið skil á.

Með því að vitað er, að það er frumskilyrði fyrir viðreisn atvinnumálanna þar, að hraðfrystihúsið, sem reist var á staðnum, sé starfrækt, var leitað til ríkisstjórnarinnar með bréfi, dags. 22. marz s. l., um fjárhagslega aðstoð, svo að hægt væri að koma í veg fyrir sölu þeirra eigna og tryggja rekstur frystihússins í framtíðinni, en ríkisstjórnin sá sér þá ekki fært að verða við þeirri málaleitun, og voru eignirnar því seldar á opinberu uppboði. Varð ríkissjóður eigandi þeirra, þar sem hann hafði veð í eignunum. Er málum var svo komið, var enn leitað til ráðuneytisins og nú á þeim grundvelli, sem farið er fram á í þessari tillögu.

Þar sem enn hefur ekki fengið endanlegt svar við þeirri málaleitun, en frystihúsið hins vegar ekki rekið og liggur þar að auki undir skemmdum, ef ekkert er aðhafzt, auk þess sem atvinnumál hreppsins bíða við þetta mikinn hnekki, þykir rétt að leita heimildar Alþingis fyrir því, að afhenda megi eignirnar til hreppsins og gera honum jafnframt mögulegt að reka þær.

Þá er einnig leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að greiða fólkinu ógreidd vinnulaun þess hjá þessum fyrirtækjum. Nemur sú upphæð rúmum 90 þús. kr. Má geta nærri, hversu það er mikið áfall fyrir fólkið að hafa ekki fengið þetta fé greitt, ofan á allt annað tjón, sem það hefur haft í sambandi við örðugan fjárhag fyrirtækjanna og að síðustu uppgjöf þeirra um atvinnubætur. Hefur þetta orðið til þess, að fólkið hefur ekki getað greitt gjöld sín til hreppsins og beinlínis orðið að vísa á þessa innstæðu hjá atvinnurekanda, sem gat ekki greitt hana. Skapar þetta m. a. hreppsjóði margvíslega erfiðleika.

Af því, sem þegar er upplýst í þessu máli, er sýnt, að öll sanngirni mælir með því, að heimild sú, sem farið er fram á í þáttill., verði veitt og ríkisstjórnin noti hana síðar og það svo fljótt sem verða má.

Fylgiskjal.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt, hefur enn ekki, þrátt fyrir allmikla aðstoð ríkissjóðs, verið unnt að bæta úr því öngþveiti, er ríkt hefur í atvinnuálagum Flateyinga, og má segja, að atvinnuástandið þar hafi aldrei verið jafniskyggilegt og nú. Tveir stærstu mótorbátarnir, sem ríkisstjórnin á sínum tíma aðstoðaði við kaup á til staðarins, voru seldir þaðan á s. l. vori, en eftir standa enn ógreidd vinnulaun, sem úgerðin skuldar, að upphæð kr. 47.768,96, samkvæmt hjálögðum lista, dags. 30. nóv. s. l.

Ríkisstjórnin hefur að vísu aðstoðað við kaup á tveim minni bátum í stað þeirra, sem seldir voru í burtu, en annan þessara báta hefur orðið að gera út frá Stykkishólmi, þar sem engin aðstaða er í Flatey til að taka á móti fiski til hraðfrystingar, vegna fjárhagsörðugleika hraðfrystihússins, sem hefur orðið að hætta störfum og liggur nú undir stórkostlegum skemmdum, svo framarlega sem ekki er þegar hafizt handa um að fyrirbyggja þær, en til þess hefur hraðfrystihúsið ekkert fjármagn. Hvíla nú á því um kr. 1.400.000,00 skuldir, þar af eru ógreidd vinnulaun kr. 126.000,00, allt samkvæmt hjálögðum lista, dags. 31. des. s. l.

Þá er einnig látinn fylgja hér með listi yfir ógoldin vinnulaun hraðfrystihússins til íbúa Flateyjarhrepps, dags. 26. nóv. s. l., að upphæð kr. 44.365,22.

Af öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja, er talið, að aðkallandi vélaviðgerð og nauðsynlegar umbætur á húsinu til að forða því frá frekari skemmdum muni kosta allt að því kr. 200.000,00. Er sýnilegt, að ógerlegt er að láta öll þessi mál liggja þannig framvegis, eignirnar grotna niður og verða að engu, en atvinnuleysið kreppa að íbúunum.

Ég vil því leyfa mér að fara þess á leit, að hið háa ráðuneyti úthluti Flateyjarhreppi kr. 1.000.000,00 af því fé, sem ætlað er til atvinnubóta á fjárlögum yfirstandandi árs og að upphæðinni verði síðan varið til þess:

1. Að koma hraðfrystihúsinu í vinnuhæft ástand.
2. Að greiða ógoldin vinnulaun til fólksins, bæði vegna frystihússins og Sigurfara-útgerðarinnar, svo og aðrar ógreiddar skuldir, sem á þessum fyrirtækjum hvíla.
3. Að nota eftirstöðvarnar sem rekstrarfé til tryggingar því, að húsið verði rekið í framtíðinni.

Vil ég mega vænta þess, að ráðuneytið taki þetta mál til alvarlegrar ihugunar og afgreiðslu, þar sem úrlausn á þessu þolir enga bið.

Ég legg hér með skilagrein yfir þær kr. 38.000,00, sem h/f Sigurfari og hraðfrystihúsið hafa áður móttakið frá ríkissjóði til greiðslu á hluta af ógreiddum vinnulaunum.

Allra virðingarfyllst,

Gísli Jónsson.

c. c. Atvinnuálagaráðuneytið.

Til Félagsmálaráðuneytisins, Reykjavík.